

Ár 1977, þriðjudaginn 26. apríl, var í málinu nr. 5/1977 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 12. febrúar 1977, skaut oddviti Grímsneshrepps til Yfirfasteignamatnefndar ágreiningi, sem risinn er milli Grímsneshrepps og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis út af skyldu félagsins til að svara fasteignaskatti af sumarbústað félagsins í Grímsnesi. Er þar um að ræða landskika, sem metinn er á kr. 50.000,- og hús, sem metið er á kr. 400.000,-. Ber félagið fyrir sig ákvæði 5. gr. laga nr. 6/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

Til þess að félag geti talist til launþegasamtaka í skilningi 5. gr. laga nr. 8/1972 og samkvæmt því notið undanþágu frá fasteignaskatti, verður að vera um að ræða almenn félagssamtök starfsmanna tiltekinna starfsgreina, er séu í fyrirsvári fyrir starfsmennina í heild. Umrætt félag hefur í bréfi til nefndarinnar gert svofellda grein fyrir félaginu og afnotum fasteignar þeirrar, er hér um ræðir:

„Félagið var stofnað 4. desember 1925. Allt frá stofnun þess hefur það verið stéttarfélag skipstjóra og 1. stýrimanna á togurum. Félagið hefur haft innan sinna vébanda menn í þessum starfsgreinum, án tillits til búsetu, þ.e. verið landsfélag. Það hefur annast alla kaup- og kjarasamninga og gætt annarra hagsmuna félagsmanna sinna allt frá stofnun þess, og vísast í því sambandi til 2. gr. laga félagsins, sem fylgja hér með í ljósriti. Tengsl félagsins við önnur samtök sjómanna eru þau, að félagið er aðili að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannadeginum í Reykjavík og Hafnarfirði.

Tala félagsmanna er nú 60.

Á s.l. ári byggði félagið eitt orlofshús í landi Hrauns í Grímsnesi. Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði á landið og hefur gefið aðildarfélagum sínum kost á aðreisa þar orlofshús til afnota fyrir félagsmenn. Húsið er nr. 23 á skipulögðu svæði fyrir orlofshús.

Reglur um afnot af orlofshúsinu eru ekki fyrir hendi, aðrar en þær að á s.l. ári samþykkti aðalfundur félagsins, að félagsmenn skuli eiga rétt á að dveljast þar með fjölskyldum sínum, þegar þeir eru í orlofi. Var dvalartíminn takmarkaður við eina viku í senn s.l. ár."


Í lögum félagsins segir meðal annars svo:

„2. gr. Tilgangur félagsins er: að hlynna að öllu því, sem til framfara og eflingar lýtur við fiskveiðar á botnvörpungum. Ennfremur að auka samvinnu meðal skipstjóra og stýrimanna og gæta hagsmuna þeirra.“


Samkvæmt ofangreindum upplýsingum um félagið og starfssvið þess, svo og um fasteign þá, sem um er að ræða, verður að telja, að uppfyllt séu skilyrði 5. gr. laga nr. 8/1972 fyrir undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. ennfremur 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Samkvæmt því er Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi óskylt að svara fasteignaskatti af eigninni.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Ægi er óskylt að svara fasteignaskatti af ofangreindri fasteign félagsins í Grímsnes-hreppi, Árnessýslu.


Torfi Asgeirsson


Gaukur Jónsson.


Pétur Stefánsson.